

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 103/2009**

**frá 25. september 2009**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2009 frá 3. júlí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norður-Atlantshafs, leggi fram aflaskýrslur (endurútgefin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 217/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, leggi fram aflaskýrslur og fiskveiðiskýrslur (endurútgefin) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 218/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, leggi fram aflaskýrslur (endurútgefin) <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2009 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/95 <sup>(5)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 217/2009 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2018/93 <sup>(6)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 218/2009 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3880/91 <sup>(7)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*l. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 41, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 42.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 70.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 270, 13.11.1995, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 186, 28.7.1993, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 365, 31.12.1991, bls. 1.

1. Liður 25a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3880/91) hljóði svo:  
„**32009 R 0218**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 218/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, leggi fram aflaskýrslur (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 70).“
2. Liður 25b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2018/93) hljóði svo:  
„**32009 R 0217**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 217/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, leggi fram aflaskýrslur og fiskveiðiskýrslur (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 42).“
3. Liður 25c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/95) hljóði svo:  
„**32009 R 0216**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norður-Atlantshafs, leggi fram aflaskýrslur (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 216/2009, 217/2009 og 218/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
**O.H. Sletnes**  
formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.